



## Stefna Haga hf. um arðgreiðslur og eiginfjárstýringu

Stjórn Haga hf. hefur markað félaginu þá stefnu að skila til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar til vaxtar og viðhalds félagsins.

Stefnt er að því að Hagar hf. greiði hluthöfum sínum **árlegan arð**, sem nemi að lágmarki **50%** hagnaðar síðasta rekstrarárs eftir skatta, án áhrifa matsbreytinga og afkomu hlutdeildarféлага. Forsendur fjárhæðar arðgreiðslu eru að félagið viðhaldi fjárhagslegum styrk sínum og að arðgreiðslan taki mið af handbæru fé frá rekstri.

Ef tækifæri gefast mun félagið að auki **kaupa eigin bréf** skv. formlegri endurkaupaáætlun.

Stjórn Haga hf. stefnir að því að **eiginfjárlutfall** félagsins sé um **35%**.

Þannig samþykkt 21. mars 2025

Stjórn Haga hf.